

Nd.

662. Nefndarálit

[82. mál]

um frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið barst sjávarútvegsnefnd 28. nóvember s. l. Málið var síðan sent til umsagnar 8. desember. Alls bárust 16 umsagnir og hefur nefndin kynnt sér þær ítarlega á alls sjö fundum.

Á fundi nefndarinnar komu einnig aðilar er þetta mál snertir og skýrðu sjónarmið sín varðandi þetta frumvarp og gáfu ýmsar upplýsingar.

Meiri hl. sjávarútvegsnefndar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartil-
lögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali. Minni hl. nefndarinnar mun skila séráliti.

Alþingi, 13. apríl 1984.

Stefán Guðmundsson,
form., frsm.

Jón Magnússon.

Niels Á. Lund.

Björn Dagbjartsson.